

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2415
komudagur 29.4.2008



Nefndasvið Alþingis
Viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. apríl 2008

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingar á samkeppnislögum nr. 44/2005, með síðari breytingum.

BSRB þakkar fyrir að fá til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á samkeppnislögum nr. 44/2005, með síðari breytingum og vill að því tilefni koma eftirfarandi á framfæri við Alþingi:

Í frumvarpinu eru gerðar tillögur um breytingar á Samkeppnislögum og gefur það tilefni til endurskoðunar á ýmsum greinum laganna. Í þeim er ekki gerður greinarmunur á starfsemi sem þjónar almannahag annars vegar og þeirri starfsemi sem almennt er litið á sem hreina markaðsstarfsemi. BSRB vekur athygli á þessu, meðal annars í ljósi þeirrar kröfu sem Samkeppniseftirlitið hefur nú sett fram, með tilvísan í 8. grein Samkeppnislaga, um að Orkuveitu Reykjavíkur beri að selja eignarhlut sinn í Hitaveitu Suðurnesja (að undanskyldum 3% hlutar) á þeirri forsendu að um sé að ræða samkeppnisaðila við Hitaveitu Suðurnesja. Hér er beinlínis verið að nota Samkeppnislög til að þröngva mikilvægri almannaþjónustu út í einkavæðingu.

Af þessu tilefni hvetur BSRB Alþingi til að taka m.a. til endurskoðunar 2. grein, 8. grein, 14. grein og 16. grein en allar eiga þessar greinar það sammerkt að þrengja að almannaþjónustunni.

Fyrir hönd BSRB

Helga Jónsdóttir

Helga Jónsdóttir,
framkvæmdastjóri